Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 20. apríl 1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

Nr. 161. 10. apríl 1979.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 350.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 700.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 20. apríl 1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

Nr. 162. 10. apríl 1979.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 2000 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 2000 kr. hverrar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 2000 kr. af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr., skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 20. apríl 1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 17, nr. 159—162. Útgáfudagur 18. apríl 1979.